



Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar
b.t. Herdísar Schopka
umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

3. janúar 2014

Umsögn um tillögu að flokkun virkjanakosta

Í tillögunni leggur verkefnisstjórn til að Hvammsvirkjun verði flutt í orkunýtingarflokk, úr biðflokki, en að öðru leyti gerir verkefnisstjórnin ekki tillögu á þessu stigi um breytingu á röð þeirra virkjunarkosta sem fram kemur í þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða sem samþykkt var á Alþingi 14. janúar 2013. Tillagan, dagsett 19. desember 2013, er samhljóða drögum að tillögu til flokkunar sem verkefnisstjórnin kynnti þann 29. nóvember 2013. Engar nýjar upplýsingar koma fram í greinargerðinni sem er að mestu samhljóða greinargerð með fyrrnefndum tillögudrögum. Umsögn Samorku, sem fer hér á eftir, er því jafnframt efnislega samhljóða fyrri umsögn samtakanna um tillögudrögin.

Sex kostir í nýtingarflokk

Til að byrja með skal því haldið til haga að Samorka gerði mjög alvarlegar athugasemdir við hvernig þingsályktunin sem samþykkt var í janúar sl. vék í veigamiklum atriðum frá faglegum niðurstöðum verkefnisstjórnar 2. áfanga. Í inngangsorðum greinargerðar þeirrar tillögu sem hér eru til umfjöllunar er þessu ferli lýst með talsvert öðrum hætti en Samorka myndi gera, en hér verður ekki farið nánar út í upprifjun þeirrar sögu heldur vísast t.d. í umsögn Samorku til atvinnuveganefndar Alþingis dags. 30. apríl 2012, um 727. mál. Tekið skal skýrt fram að þessi gagnrýni á fyrra ferli snýr augljóslega á engan hátt að verkefnisstjórninni, hvorki núverandi né fyrrverandi. Í þessu ljósi er að mati Samorku hins vegar algerlega ljóst að þeir sex kostir (Urriðafossvirkjun, Holtavirkjun, Hvammsvirkjun, Skrokkölduvirkjun og Hágöngur I og II) sem færðir voru af Alþingi úr nýtingarflokki í biðflokk eiga allir heima í nýtingarflokki.

Forsendur til að flokka Hólmsárvirkjun

Varðandi Hólmsárvirkjun þá kemur fram í greinargerð með tillögunni að verkefnisstjórn taldi nægjanleg grunngögn liggja fyrir til að unnt væri að ljúka mati virkjunarkostsins. Þótt mat faghópa 2. áfanga hafi ekki byggst á nýjustu gögnum er það mat Samorku að verkefnisstjórn ætti að hafa allar forsendur til að meta ný gögn um virkjunarkostinn út frá fyrri umfjöllun faghópa.



Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Afmörkun verkefnisstjórnar, tekið undir sérálit

Í ljósi þess hvernig verkefnisstjórnin hefur nú afmarkað sitt verkefni og kýs að fjalla að sinni eingöngu um þrjá kosti í neðri hluta Þjórsár vill Samorka, til vara ef svo má segja, taka undir sérálit Elínar R. Líndal, fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í verkefnisstjórn. Í sérálitinu leggur Elín til að umræddir þrír kostir verði allir færðir til baka í nýtingarflokk og rökstyður það með vísan í faglegar niðurstöður fyrri verkefnisstjórnar (sem m.a. byggðu á ítarlegum umsagnarferlum), fengin álit sérfræðinga varðandi áhrif á laxfiska á Þjórsá og svör Landsvirkjunar um mótvægisáðgerðir. Að mati Samorku hefur þannig með trúverðugum hætti verið svarað þeim álitaefnum sem leiddu til þess að vikið var frá tillögu verkefnisstjórnar um rammaáætlun 2, svo notuð séu orð Elínar. Ekkert ætti því að vera því til fyrirstöðu að allir þrír virkjanakostirnir verði á ný settir í nýtingarflokk rammaáætlunar.

Um aðferðafræði verkefnisstjórnar

Í lokaorðum greinargerðarinnar vekur verkefnisstjórn athygli á að henni er ætlað að fylgja ákveðinni aðferðafræði sem gengur út frá röðun virkjanakosta út frá tilteknum viðmiðum á ólíkum fagsviðum. Bent er á að til að unnt sé að beita þessari aðferðafræði þurfi nokkur fjöldi virkjunarkosta að vera til umfjöllunar samtímis. Formaður verkefnisstjórnar vakti einmitt athygli á þessari stöðu í ágætu erindi um þessa vinnu á veitustjórafundi Samorku þann 5. desember sl. Þar kom hins vegar fram sú ábending, sem Samorka gerir hér að sinni, að þar sem þegar liggja fyrir gögn og niðurstöður um fjölda annarra virkjunarkosta úr fyrri áföngum rammaáætlunar ætti að vera hægt um vik að meta fáa kosti nú út frá því heildarsamhengi.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Gústaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri